

Föstudaginn 25. nóvember 1977.

Nr. 112/1976. **Garðar Viborg**

(sjálfur)

gegn

**Bjarna Helgasyni**

**Birni Stefánssyni**

**Hreggviði Jónssyni**

**Jónatan Þórmundssyni**

**Ólafi Ingólfssyni**

**Stefáni Skarphéðinssyni**

**Unnari Stefánssyni**

**Þorsteini Sæmundssyni**

**Þorvaldi Búasyni**

**Þór Vilhjálmsyni**

**Ragnari Ingimarssyni og**

**Valdimar J. Magnússyni**

**og gagnsök**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af refsikröfu og kröfu um miskabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma sem varadómarmar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfégeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1976 og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjenda og þeir dæmdir til þess að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 10. júní 1976. Dómkröfur þeirra eru þessar:

1. að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk,

2. að aðaláfrýjandi verði dæmdur í hæfilega refsingu fyrir ummælin,

3. að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða hverjum gagnáfrýjanda 50.000 kr. í miskabætur auk 9% ársvaxta frá 31. jan. 1974 til greiðsludags,

4. að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til að kosta birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum,

5. að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að sjá um birtingu dóms þessa í heild í fyrsta eða öðru tölublaði Nýs lands, sem út kemur eftir birtingu dómsins,

6. að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem átalín eru, birtust í 3. og 4. tbl. blaðsins Nýs lands, er út komu 24. og 31. janúar 1974. Aðaláfrýjandi er tilgreindur ábyrgðarmaður blaðsins, og ber hann ábyrgð á því efni blaðsins, þar sem höfundur er ekki nafngreindur.

Ummælin eru tilgreind í hinum áfrýjaða dómi, og verður vitnað til þeirra hér á eftir á sama hátt og þar.

I. Með ummælum þessum verður ekki talið, að neinu því sé dróttað að gagnáfrýjendum, er verða mundi virðingu þeirra til hnekkis, og eigi þykja ummælin heldur móðgandi fyrir þá né sett fram á óviðurkvæmilegan hátt. Verður aðaláfrýjanda því hvorki dæmd refsing fyrir þau né heldur verða ummælin ómerkt.

II.A. 1—2. Fréttatilkynning sú, sem hér er um að ræða, er gefin út í nafni framkvæmdastjórnar Frjálslynda flokksins og undir henni stendur: Lúðvík Jónsson, ritari. Þykir höfundur þannig tilgreindur, og ber aðaláfrýjandi því ekki ábyrgð á ummælunum skv. 15. gr. laga 57/1956.

II.B. Ekki verður talið, að ummæli þessi feli í sér refsiverðar aðdróttanir né móðganir í garð gagnáfrýjenda, og verður aðaláfrýjanda því ekki dæmd refsing fyrir þau. Setningin: „Það virðist vera meginsjónarmið þessara manna að sjálfstæði Íslands og öryggi sé bezt borgið með því að sýna í hvívetna auðmýkt gagnvart hinum engilsaxnesku stórveld-

um og undirlægjuhátturinn sé helzta haldreipi Íslendinga til að halda reisu sinni sem sjálfstæð þjóð“, þykir hins vegar að orðalagi óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja hana skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegnl.

II.C. Ummæli þessi eru í grein, sem ber fyrirsögnina: „Við erum ekki til viðræðu um áframhaldandi dvöl hers í landinu“. Neðan við greinina stendur: „Kafflar úr ræðu Ingu Birnu Jónsdóttur á baráttufundi Samtaka herstöðvaandstæðinga í Háskólabíói á sunnudaginn“. Greininni fylgir mynd af ræðumanni.

Í málinu er það komið fram, að ræðumaður, Inga Birna Jónsdóttir, lét Nýju landi í té handrit af ræðu sinni og leyfði, að hún yrði birt í blaðinu í heild eða hlutar hennar. Við birtingu hefur ræðan verið stytta á þann veg, að úr henni hafa verið felldir kafflar, en eigi er um það deilt, að þeir kafflar ræðunnar, sem birtir eru, séu orðrétt tilfærðir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst, að höfundur að ummælum þessum sé nægilega nafngreindur, og ber aðaláfrýjandi því ekki ábyrgð á ummælunum, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 57/1956.

Þar sem niðurstaðan er sú, að aðaláfrýjandi hafi ekki gerst sekur um refsiverða meingerð gagnvart gagnáfrýjendum, verður krafa þeirra um miskabætur ekki tekin til greina né heldur krafa þeirra um greiðslu 25.000 kr. til að kosta birtingu dómsins.

Hins vegar ber skv. 22. gr. laga 57/1956 að taka til greina kröfu gagnáfrýjenda um, að dómur Hæstaréttar í málinu verði í heild birtur í fyrsta eða öðru tölublaði Nýs lands, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Rétt þykir að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum sameiginlega 60.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Framangreind ummæli skulu ómerk.

Birta skal dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Nýs lands, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum sameiginlega 60.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1975.**

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 17. nóvember sl., hafa Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstig 15, Ólafur Ingólfsson, B. A., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álíheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi, höfðað með stefnu, birtri 20. júní 1974, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Garðari Víborg, ábyrgðarmanni blaðsins „Nýs lands“, Langholtsvegi 134, Reykjavík, vegna ummæla, sem birtust í 3. og 4. tbl. 6. árgangs blaðsins „Nýs lands“ 1974, svo sem síðar verður rakið.

Ummæli þau í blaði þessu, sem stefnendur telja ærumeiðandi fyrir sig og stefnt er út af, eru þau, er nú skal greina:

- „I. Í 3. tölublaði, er út kom 24. janúar 1974. Ummæli, er birtust í grein (leiðara) á bls. 3, en fyrirsögn greinarinnar er „Varnarmálin“. Ummælin eru þessi: „ . . . . Er ágengi þessara manna og smekkleysi slíkt, að þeir leita jafnvel eftir stuðningsmönnum sínum með því að fara inn í barnaskóla landsins, opinberar stofnanir og sjúkrahús. Mun sjálfstæðisbarátta af þessu tagi vera eindæmi í sögu þjóðarinnar.“
- II. Í 4. tölublaði, er út kom 31. janúar 1974. Hér er um að ræða þrjár greinar í þessu tölublaði:
- A. Fréttgrein á forsíðu, er ber fyrirsögnina „Óþjóðholl starfsemi“.
1. Fyrirsögnin „Óþjóðholl starfsemi“.
  2. „ . . . . óþjóðholla starfsemi, ósamboðna fullvalda þjóð.“
- B. Grein á bls. 3 (leiðari), er ber fyrirsögnina: „Mengun hugarfarsins“.
1. Fyrirsögnin „Mengun hugarfarsins“.

2. „ . . . . sumir þeirra, sem standa nú fyrir samtökunum Varið land, létu einnig heyra til sín í sambandi við landhelgisdeiluna við Breta og vildu þar ganga lengst til samninga við þá og gera lítið úr baráttu Íslendinga fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Það virðist vera megin-sjónarmið þessara manna, að sjálfstæði Íslands og ör-yggi sé bezt borgið með því að sýna í hvívetna auðmýkt gagnvart hinum engilsaxnesku stórveldum og undir-lægjuhátturinn sé helzta haldreipi Íslendinga til að halda reisin sinni sem sjálfstæð þjóð.“
- C. Kafli úr ræðu á bls. 5, sem ber yfirskriftina: „Við erum ekki til viðræðu um áframhaldandi dvöl hers í landinu“. „ . . . . Það hefur a. m. k. aldrei gerzt fyrr svo að ég viti, að fólk betli skriflega yfir sig erlendan her. Þeir, sem nú biðja þjóðina að skrifa undir betliskjalið verða án mikils vafa dæmdir af blöðum sögunnar sem landssölu-menn . . . .“

Stefnendur gera svofelldar dómkröfur á hendur stefnda:

„að framangreind ummæli og tilgreindar fyfirsagnir verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að dæmd verði þyngsta refsing á hendur stefnda fyrir ummælin, sem 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940 heimila.

að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnanda fyrir sig kr. 50.000,00 í miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, auk 9% ársvaxta frá 31. janúar 1974 til greiðsludags.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 25.000,00 í kostnað við birtingu forsendna og niðurstöðu væntanlegs dóms í opinberum blöðum samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að stefnda verði gert að sjá um, að væntanlegur dómur verði birtur í heild í 1. eða 2. tölublaði „Nýs lands“, er út kemur eftir birtingu dómsins. L. 57/56, 22. gr.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega málskostnað að mati dómara að skaðlausu.“

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og þeim gert að greiða honum málskostnað in solidum eða pro rata að mati dómsins. Upphaflega hafði stefndi gert þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi, en hann hefur fallið frá þeirri kröfu.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

## II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu:

„Um miðjan janúar efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „VARIÐ LAND“. Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa, auk lögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins.“

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar. Boðað var, að undirskriftasöfnunin myndi standa yfir til 20. febrúar 1974 og ætlunin væri að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.

Helztu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum.

Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki sízt Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenskur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan At-

lantshafsbandalagsins og álitur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott.“

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „VARINS LANDS“ varð næsta mikill, því að alls rituðu 55.522 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Frá upphafi var lögð á það áherzla, að undirskriftalistar yrðu einungis afhentir ábyrgum aðilum, og var haldin skrá yfir viðtakendur listanna. Var því að söfnun undirskrifta lokinni unnt að rekja, hver hefði haft hvern lista undir höndum. Til að fyrirbyggja, að undirskriftir manna, er rituðu nöfn sín tvívegis, væru að lokum tvítaldar, var gerð tölvuskra eftir heimilisföngum. Komu þá fram 549 tvíritanir. Voru stimplaðar athugasemdir þar að lútandi á listana, og viðkomandi nöfn voru aðeins talin einu sinni við lokatalningu. Undirskriftir Reykvíkinga, Hafnfirðinga, Keflvíkinga, Akureyringa og Kópavogsbúa voru bornar saman við íbúaskrár og síðan voru settar athugasemdir við nöfn þeirra, sem ekki höfðu náð 20 ára aldri 1. marz 1974. Voru 448 nöfn felld niður við lokatalningu af þessu tilefni. Meiri hluti allra nafna á listunum var ennfremur borinn saman við nafnaskrá og kannað, hvort til væru menn með nöfnum, sem á listunum voru, á þeim stöðum, sem gefnir voru upp. Komu þá fram örfá fölsk nöfn, sem strikuð voru út. Nokkrir tugir manna, sem bera nöfn af erlendum uppruna, rituðu á undirskriftalistana, en ekki var unnt að kanna til hlítar, hvort þeir höfðu allir öðlazzt íslenzkan ríkisborgararétt.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist ímáfrekari en ætlað hafði verið.

Umrædd undirskriftasöfnun hafði eigi fyrr hafizt en hatröm blaðaskrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Meðal þeirra blaða, sem hér áttu hlut að var „NÝTT LAND“.

Stefndi hefur bætt við þessa málavaxtalýsingu. Hann segir í greinargerð sinni:

„Skv. sóknargögnum efndu stefnendur, tólf að tölu, svo og tveir nafngreindir lögmenn í Reykjavík, til samvinnu um miðjan janúar 1974 undir nafninu „VARIÐ LAND“. Á vegum þessara fjórtán manna hafi verið undirbúin undirskriftasöfnun til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja

Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Hafi almenníngi verið boðið að skrifa undir yfirlýsingu, sem fjórtánmenningarnir sömdu. Yfirlýsing þessi er tekin orðrétt uppí stefnu á dskj. nr. 1.

Í yfirlýsingu þessari er STADHÆFT, að áform ríkisstjórnar og Alþingis um uppsögn varnarsamningsins og brottvísun bandaríks herliðs af Íslandi muni skerða öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar, ef þau verði framkvæmd.

Stórfelldur ágreiningur hefur verið með þjóðinni um setu erlends herliðs á íslenzku landi og hefur mál þetta borið hæst allra ágreiningsmála frá 1951. Með fyrrgreindri yfirlýsingu, sem fjórtánmenningarnir hugðust fá sem flesta til að undirrita, var því beinlínis haldið fram, að þeir, sem andstæðir væru setu erlends hers á Íslandi, þ. á m. ríkisstjórn Íslands og meiri hluti alþingismanna svo og sá hluti þjóðarinnar, sem fylgdi stefnu síðustu ríkisstjórnar og vill þar af leiðandi segja upp gildandi varnarsamningi við Bandaríkin og afnám herstöðva á Íslandi, stefni að því að skerða öryggi Íslands og sjálfstæði.

Í yfirlýsingunni er því fólgin ásökun á hendur andstæðingum hersetu á Íslandi um landráð í skilningi X. kafla alm. hgl.

Svo sem fjórtánmenningarnir máttu og hlutu að vita vakti efni yfirlýsingar þessarar, sem birt var opinberlega á blaðamannafundi í janúar 1974, kröftug andsvör og gremju.

Skoðanaandstæðingar þeirra reyndu í upphafi að fá talsmenn „Varins lands“ til að ræða ágreiningsmálin á opinberum vettvangi, en án árangurs, þar sem talsmenn „Varins lands“ vildu ekki ræða varnarmál Íslands við aðra en stuðningsmenn sína, sbr. m. a. dskj. nr. 5. Andstæðingar hersetu á Íslandi gripu þá til þess ráðs að svara kröftuglega fyrir sín sjónarmið í blaðagreinum og ráðast á þá afstöðu til framtíðar Íslands, sem hersetins lands, sem fram kemur í greindri yfirlýsingu. Var almenn skoðun andstæðinga hersetu, að aldrei fyrr hefði það hent að óskað væri staðfestingar þjóðar á því að hún liti svo á, að áform um brottför erlends herliðs úr landi þjóðarinnar væru *ótímabær* og bæri að leggja á hilluna. Við athugun á stjórn málaumræðu þeirri, sem fór í kjölfar undirskriftasöfnunar kemur í ljós, að þátttakendum var heitt í hamsi og var oft vegið þungt að skoðunum talsmanna „Varins lands“ í ræðu og hafði það veruleg áhrif á, að svo virtist sem veruleg óbilgirni væri sýnd við öflun undirskrifta og snerist deilan m. a. um framkvæmd. Þá kom og í ljós að margir andstöðumenn töldu niðurlægingu þjóðarinnar hina mestu í allri sögu

hennar og töldu að með undirskriftasöfnun þessari væri stefnt að því að koma þjóðinni í þá afstöðu, sem hún hefði komist í og hún hefði samþykkt kröfu Bandaríkja Norður-Ameríku 1945 um ævarandi hersetu á þremur svæðum á landi hér. Af þessum ótta um framtíðina mótuðust mjög skrif og ummæli þeirra, sem þátt tóku í deilunum og var margt í geðshræringu sagt.

Út af umræðu þessari hafa sprottið fjölmörg meiðyrðamál, þar sem stefnendur eru 12 af 14 mönnum, sem undirbjuggu undirskriftasöfnun „Varins lands“, en svo virðist, sem þeir hafi tekið til sín sérhver styggjandi ummæli um þá stefnu í varnarmálum, að leggja bæri áform um brottför erlends herliðs niður.“

### III.

Röksemdir málsaðilja:

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin:

„Um I.

Það fer ekki milli mála, að ummæli þessi beinast að stefnendum. Með þeim eru stefnendur vændir um að hafa beitt ósæmilegum aðferðum við söfnun undirskrifa þeirra, er áður getur. Þá er og farið móðgandi ummælum um frumkvæði þeirra í niðurlagi hinna tilvitnuðu orða, er ærumeiðandi þykja. Stefnendur telja þessi ummæli í heild fela í sér móðgun og aðdróttun í þeirra garð og að þau varði við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. A. 1.

Efni fréttagreinarinnar ber þess órækan vott, að fyrirsögnin á við undirskriftasöfnun þá, er að framan getur. Fyrirsögnin er móðgandi og að því leyti brot á 234. gr. laga nr. 19/1940. Auk þess felur hún í sér aðdróttun um, að stefnendur hafi með frumkvæði sínu að gefa landsmönnum kost á að láta í ljós vilja sinn um varnarmál ríkisins beitt sér fyrir starfsemi skaðlegri hagsmunum þjóðarinnar. Telja stefnendur þessa aðdróttun refsiverða samkvæmt 235. gr. sömu laga.

Um II. A. 2.

Stefnendur telja að hér eigi hið sama við og rakið er undir II. A. 1 hér að framan.

Um II. B. 1.

Stefnendur telja, að fyrirsögn þessi beinist m. a. að þeim. Telja

þeir, að í fyrirsögninni felist móðgun og aðdróttun og að hún varði við 234. gr. og 235. gr laga nr. 19/1940.

*Um II. B. 2.*

Hér er því haldið fram, að a. m. k. sumir stefnenda hafi viljað ganga mun lengra en aðrir landsmenn almennt til móts við Breta í samningaumleitunum í landhelgisdeilu ríkjanna vegna útfærslu í 50 sjómíliur, svo og að þeir hafi forsmáð baráttu Íslendinga í því máli. Þá eru þeir vændir um auðmýkt gagnvart tilgreindum stórveldum og þeim gerðar upp skoðanir á því, hvernig Íslendingar eigi að halda við lýði sjálfstæði sínu, skoðanir, sem væru hverjum Íslendingi til vansæmdar. Er hér að sjálfsgöðu um algjörlega rakalausar dylgjur að tefla.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi og að í þeim felist ósæmilegar aðdróttanir og að ummælin í heild varði við 234. gr. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

*Um II. C.*

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi. Auk móðgunar felist í orðinu „landssölumenn“ aðdróttun um landráð, sem er mjög alvarlegur refsiverður verknaður. Telja stefnendur, að síðasttalda orðið í ummælunum varði við 236. gr. eða til vara 235 gr. laga nr. 19/1940, en ummælin að öðru leyti við 234. gr. laganna.

Fyrirsagnir þær, sem að framan greinir, og ummælin, sem átalin eru, birtust ekki í greinum, sem nafngreindar voru. Ber því ábyrgðarmaður „Nýs lands“ á þeim tíma, er ummælin birtust í blaðinu alla ábyrgð á þeim samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Stefndi var ábyrgðarmaður blaðsins.“

Bótakröfu sína rökstyðja stefnendur í greinargerð með tilvitnun til 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 og segja síðan: „Ærumeiðingar eru almennt fallnar til að valda þeim miska, sem fyrir þeim verða. Svo er og með þau ærumeiðandi ummæli, sem hér eru til álita. Veitst var með hrakyrðum að stefnendum vegna forgöngu þeirra að könnun á viðhorfi Íslendinga til varna landsins. Full ástæða er til að taka hart á slíkum skrifum með því að dæma þeim refsingu, sem ábyrgð ber á slíkum skrifum, og riflegar bætur þeim, sem hin ærumeiðandi skrif beinast að. Það á fremur að hamla gegn slíkum tjáningarhætti, sem flestum er hvímléiður, með virkum viðurlögum, heldur en að skapa honum skjól til að skáka í með of vægum refsingum og fébótum.“

Stefndi gerir svofelldar athugasemdir við umstefnd ummæli í greinargerð sinni:

„Ummælin eru rifin úr samhengi og þurfa að skoðast í ljósi þess. Við ummæli er rétt að gera þessar athugasemdir:

I. Ummæli þessi eru úr ritstjórnargrein, sem fjallar um varnarmálin og stöðu þeirra almennt. Er óverulega vikið að framkvæmd undirskriftasöfnunar hreyfingar er nefnist „Varið land“. Hvergi er minnst á stefnendur þessa máls í leiðaranum og hann á því aðeins við stefnendur að þeir lýsi því fyrir dómi, að þeirra (sic) hafi hagað söfnun sinni eins og þar er lýst eða lýsi því yfir að engir aðrir en þeir hafi borið undirskriftalista manna á meðal en það fær reyndar ekki staðist. Að því verki unnu hundruð manna. Lýst er aðferð þeirra starfsmanna „Varins lands“ að leita inná barnaskóla, opinberar stofnanir og sjúkrahús landsins. Er hér um einfalda lýsingu á staðreyndum að ræða. Segir síðan, að sjálfstæðisbarátta af þessu tagi muni vera einsdæmi í sögu þjóðarinnar. Stefnendur telji, að þessi ummæli séu móðgandi um frumkvæði þeirra. Hvorki er minnst á stefnendur né frumkvæði þeirra og er erfitt að skilja hvers vegna stefnendur gera kröfu til að þessi ummæli fjalli um þá. Mun væntanlega hver þeirra um sig gera grein fyrir ástæðu þess við aðilaskýrslugjöf. Ummæli þessi veita að sjálf-sögðu stefnendum engan rétt til að krefjast ómerkingar, refsingar bóta eða annars.

## II A1.

Þetta er frétt um samþykkt, sem framkvæmdastjórn Frjálslynda flokksins gerði á fundi 29. 1. 1974. Fréttin er undirrituð og ber því að sýkna umbj. m. vegna aðildarskorts auk þess sem hún fjallar á engan hátt um stefnendur þessa máls eða frumkvæði þeirra heldur undirskriftasöfnunina, sem gengur undir nafninu „Varið land“ og sagt er í stefnu að í henni hafi tekið þátt 55.522 atkvæðisbærir íslendingar. Eigi verður með nokkru móti séð á hvern hátt stefnendur geta komist að þeirri niðurstöðu að álit framkvæmdanefndar í stjórnmalaflokki, sem hefur að stefnumarkmiði brottför erlendis herliðs af Íslandi sé aðdróttun í garð þeirra og meiðandi fyrir æru þeirra.

II. A2. Sjá um II. A1 hér að framan.

II. B1. Hin umstefndu ummæli eru úr ritstjórnargrein, sem ber fyrisögnina „Mengun hugarfarsins“. Í henni er fjallað um varnarmálin allt frá 1945, en fyrst og fremst um tímabilið frá 1951 og áhrif af 23 ára dvöl erlendis herliðs í landinu á þjóðina, en áhrif

Þessi eru nefnd „mengun hugarfarsins“ er þetta öllum ljóst sem lesa greinina í heild, en samt sem áður telja stefnendur að þeir verði að taka á sig ábyrgðina á áhrifum 23 ára hersetu í landinu. Greinin birtist 31. 1. 1974 eða u. þ. b. hálfum mánuði eftir að stefnendur kynntu „Varið land“. Engan rökstuðning er að finna fyrir því hversvegna stefnendur telja að umtal um mengun hugarfarsins sé tengt þeim, enda þótt þau séu fyrirsögn greinar, sem fjallar um langt tímabil í nútímasögu okkar og þar sem spjótunum er beint að verkalyðshreyfingunni og samvinnuhreyfingunni. Væntanlega munu stefnendur skýra þetta nánar í aðilaskýrslum fyrir dómi og að því búnu verður unnt að taka afstöðu til skýringar þeirra.

#### *Um II B2.*

Í setningu í síðastgreindri ritstjórnargrein er fjallað um „suma þeirra, sem standa nú fyrir samtökunum „Varið land“. Eins og áður getur liggja ekki fyrir upplýsingar um það hverjir stóðu fyrir samtökunum „Varið land“ um 31. jan. 1974, en þá töldu a. m. k. margir fleiri en stefnendur sig í þeirra hópi. Ummæli þeirra fjalla örugglega ekki um alla stefnendur og geta þeir ekki gert sameiginlega refs- og ómerkingarkröfur svo og bótakröfur hver í sínu lagi í þessu máli. Telji einhverjir stefnenda ummæli þessi eiga við sig, þá verða þeir að gæta réttar síns í sérstöku máli, þar sem þeir sanna aðild sína. Ef stefnendur falla ekki frá kröfum sínum skv. þessum lið er skorað á þá þeirra, sem byggja kröfur sínar á þessum ummælum að sýna frammá, að þau megi heimfæra upp á þá þannig að ærumeiðandi sé.

Um ummæli almennt er þar að segja að í þeim kemur fram pólitísk túlkun leiðarahöfundar á afstöðu vissra afla í ísl. þjóðfélagi til Bretlands og Bandaríkjanna. Þessi afstaða er alkunn og hefur verið til umræðu í áratugi í ísl. stjórnámálum. Ætla verður að orðin „auðmýkt“ og „undirlægjuháttur“ í textanum valdi einhverjum stefnenda ama, en ekki verður séð að þeir þurfi allir að taka þessi orð til sín. Ítrekað er að þeir sem stóðu fyrir samtökunum „Varið land“ voru á þessum tíma fleiri en stefnendur.

#### *IIC.*

Ummæli þessi eru úr ræðu, sem Inga Birna Jónsdóttir hélt á fundi í Háskólabíói, þar sem þúsundir voru. Kemur skýrt fram að ummælin séu úr þessari ræðu og ber því að sýkna umbj. m. vegna aðildarskorts. Ummælin fjalla ekki um stefnendur og skal enn

ítrekað að hundruð manna unnu að söfnun undirskrifta. Í ummælum segir ræðumaður að hún viti ekki til að fyrr hafi fólk undirritað skjal, þess efnis, að erlendur her búi í landi þess og hún telur, að þeir sem biðja um undirskriftirnar verði síðar kallaðir landssölumenn. Hið fyrrnefnda er staðhæfing, sem örugglega meidir ekki æru stefnenda. Hið síðara er tilraun ræðumanns til að spá. Ekki er neinum landráðum dróttað að stefnendum þessa máls.“

Stefndi mótmælir því síðan, að greind ummæli séu í nafnlausum eða ómerktum greinum, og telur það hrakið hér að ofan.

#### IV.

Stefndi hefur lagt fram tvö vottorð. Fyrra vottorðið er þess efnis, að unglingspiltur hafi komið á skrifstofu verðlagsstjóra og boðið mönnum að rita nöfn sín á undirskriftalista „Varins lands“. Hið síðara er þess efnis, að starfsmaður á Landspítalanum hafi boðið öðrum starfsmönnum þar að undirrita slíka lista. Af hálfu stefnenda sæta vottorð þessi ekki andmælum.

Umfangsmiklar yfirheyrslur hafa farið fram. Allflestir stefnenda hafa komið fyrir dóminn. Kom fram, að nokkrir þeirra gegna eða hafa gegnt trúnaðarstöðum fyrir stjórnmalaflokka. Þá kom fram, að sumir þeirra hafa tekið þátt í opinberri umræðu um varnarmálin. Sumir þeirra nefndu dæmi þess, að þeir hefðu orðið fyrir aðkasti vegna skrifa „Nýs lands“ o. fl. um undirskriftasöfnunina, sbr. t. d. dómsskj. nr. 13.

Stefndi hefur komið fyrir dóm. Fram kom m. a., að fréttagrein á forsíðu fjórða tbl. „Nýs lands“, er út kom 31. janúar 1974 og stefnt er fyrir undir lið II. í stefnu, er tillaga, sem borin var fram á framkvæmdastjórnarfundi Frjálslynda flokksins og er undirrituð af ritara. Stefndi var ekki í framkvæmdastjórn. Yfirskrift fréttarinnar er tekin úr efni hennar.

Þá kom fram, að leiðari í sama tbl., sem ber yfirskriftina „Mengun hugarfarsins“, er skrifaður af tilefni erindis „um daginn og veginn“ í Ríkisútvarpinu. Erindið var flutt af einum stefnenda, Þorsteini Sæmundssyni, og fjallaði að sögn stefnda um landhelgisdeiluna við Breta.

Þá skýrði stefndi svo frá, að kafli úr ræðu á bls. 5 í þessu sama tbl., en stefnt er vegna ummæla úr þessum kafla, sé tekinn beint upp úr ræðu Ingu Birnu Jónsdóttur. Ræðu þessa flutti hún í Háskólabíói, og kvaðst stefndi hafa fengið ræðuna afhenta eftir fundinn og stýtt hana vegna rúmleysis í blaðinu. Engu hafi verið

breytt, ræðan sé orðrétt prentuð að undanskildum smákafla, sem dreginn hafi verið út. Þess vegna sé sagt í blaðinu, að um sé að ræða kafla úr ræðu Ingu Birnu Jónsdóttur. Inga Birna Jónsdóttir hefur komið fyrir dóm og staðfest frásögn stefnda.

Ekki þykir ástæða til að taka annað og meira upp úr yfirheyrslum í dóm þennan.

## V.

*Álit dómsins.*

*Aðild.*

Stefnendur gengust fyrir og stjórnunni framkvæmd undirskriftasöfnunar undir kjörorðinu „Varið land“, en því er ekki mótmælt af stefnda, að undirskriftasöfnun þessi hafi verið tilefni umstefndra ummæla, sem birtust í 3. og 4. tbl. 6. árgangs blaðsins „Nýs lands“ 1974. Með hliðsjón hér af verður að telja, að stefnendur eigi þegar af þessum ástæðum aðild að máli þessu.

*Almennt.*

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.“

Í öllum meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu langt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfar skorður, upplýsingaskyldu og gagnrýnisskyldu fjölmiðla séu ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórn mála. Umræðan hefur oft verið óvæginn og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefna- grundvelli. Mörg óviðurkvæmileg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun höfundar á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands“, sem sumir hverjir höfðu áður

tekið þátt í stjórn málaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölin. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í máli þessu þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar, og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórn málaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað hvort af þingi, kjörnu leynilegri kostningu, eða með leynilegri þjóðar- atkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér mjög til rúms hérlandis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að ofan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Þótt annað sé ekki fram komið en stefnendur hafi reynt að vanda framkvæmd undirskriftasöfnunar sinnar, gefur það auga leið, að eftirlit þeirra með söfnuninni gat aldrei verið fullkomið, og slík almenn undirskriftasöfnun í viðkvæmu deilumáli var sem slík fallin til að valda ófriði.

Þá er enn til þess að taka, að þegar um stjórn málaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að. Jafnvel má orða, að ummælin geti haft þveröfug áhrif.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast.

Stefnendur hafa látið að því liggja, að um skipuleg ærumeiðandi skrif um þá hafi verið að ræða, þar sem á sama tíma og grein stefnda birtist, birtist fjöldi áþekkra greina í öðrum blöðum. Þótt rétt sé, að á þessum tíma hafi birst margar greinar í dagblöðum og vikublöðum um undirskriftasöfnunina, þykir ósannað, að um skipulögð skrif hafi verið að ræða.

#### *Ummælin.*

Ummæli þau, sem urðu tilefni málssóknar stefnenda, birtust í

3. og 4. tbl. „Nýs lands“ 1974. Tölublöð þessi hafa verið lögð fram. Stefndi er þar tilgreindur sem ábyrgðarmaður. Hann ber sem slíkur, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956, ábyrgð á efni, sem enginn hefur kennt sér með nafngreiningu, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Hér að framan hafa stefnendur, sem stóðu fyrir undirskriftunum, verið taldir geta höfðað mál út af meintum meiðyrðum vegna undirskriftasöfnunar „Varins lands“. Þótt stefnenda sé ekki persónulega getið, verða flest hérgreind ummæli ekki öðruvísi skilin en að aðallega sé átt við þá og aðra forgöngumenn „Varins lands“.

Rétt þykir að fjalla um hver af umstefndum ummælum sérstaklega:

I. Hér er um að ræða ummæli, sem birtust í ómerktum leiðara í 3. tbl. „Nýs lands“, sem út kom 24. janúar 1974. Því er ekki neitað af stefnendum, að hugsanlegra undirskrifenda hafi verið leitað á þeim stofnunum, sem getið er um í greininni. Greinin lýsir ákveðinni skoðun á hegðun þeirra, sem söfnuðu undirskriftum að yfirlýsingunni „Varið land“, skoðun, sem greinarhöfundur setur að vísu harkalega fram, en með hliðsjón af þeim almennu sjónarmiðum, sem getið er hér að framan, verður það ekki látið varða stefnda ábyrgð.

II. A. Hér er um að ræða fréttagrein, sem birtist á forsíðu 4. tbl. „Nýs lands“, sem út kom 31. janúar 1974. Greinin ber yfirskriftina „Óþjóðholl starfsemi“. Af greininni má ráða, að hún er fréttatilkynning frá framkvæmdastjórn Frjálslynda flokksins, og hún er undirrituð af ritara hennar, Lúðvík Jónssyni. Í 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt er kveðið á um, hver beri ábyrgð á efni blaða sem „Nýs lands“. Segir, að höfundur beri refsí- og fébótaábyrgð á efni rits, hafi hann nafngreint sig. Ábyrgð útgefanda og ritstjóra kemur hins vegar til greina, þegar enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig. Þegar ákvæði þessarar greinar eru skoðuð, verður að telja, að eins og hér háttar til, hafi framkvæmdastjórn Frjálslynda flokksins nafngreint sig sem höfund þessarar fréttatilkynningar og komi því ekki til ábyrgð stefnda á efni hennar. Fyrirsögn greinarinnar er hins vegar augljóslega blaðsins, þótt hún sé dregin út úr fréttatilkynningunni. Fyrirsögnin ein sér, slitin úr samhengi við texta fréttatilkynningarinnar, þykir samt ekki þannig vaxin, að þörf sé á að ómerkja hana.

B. Hér er um að ræða ómerkta leiðara, sem birtist í 4. tbl. „Nýs lands“, sem út kom 31. janúar 1974.

Hér er stefnt út af fyrirsögn leiðarans „Mengun hugarfarsins“

og kafla innan úr miðri grein. Rétt þykir að taka þetta tvennt fyrir í einu lagi, þar sem í kaflanum er m. a. lagt út af því, sem höfundur kallar „Mengun hugarfarsins“. Fyrirsögninni og orðalagi kaflans þykir þannig háttáð, að rétt sé, að hvort tveggja skuli ómerkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga 19/1940. Hins vegar þykir ekki með tilvísun til þeirra almennu sjónarmiða, sem sett hafa verið fram hér að framan, ástæða til að refsa fyrir þessi ummæli.

C. Hér er stefnt út af kafla úr ræðu Ingu Birnu Jónsdóttur, sem birtist í 4. tbl. „Nýs lands“, sem út kom 31. janúar 1974. Greinin ber það með sér, að um er að tefla kafla úr þessari ræðu. Hins vegar er ræðan ekki undirrituð af höfundi og ber ekki með sér, hvort hún er orðrétt birt eða um sé að ræða endursögn blaðamanns. Ætla má, að tilgangur ákvæða 15. greinar laga nr. 57/1956 um prentrétt sé m. a., að sá, sem telur sig meiddan af efni í þar töldu riti, þurfi ekki mikla leit að þeim, sem ábyrgð ber á efni ritsins. Að þessu athuguðu þykir stefndi verða gerður ábyrgur fyrir efni umstefnds kafla, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Hér er veist að öllum þeim, sem söfnuðu undirskriftum á vegum „Varins lands“, en ekki stefnendum sem forgöngumönnum eingöngu. Rétt þykir með tilvísun til 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja umstefndan kafla í heild sinni. Þótt kaflinn sé gífurlyrtur, þykir ekki ástæða til að beita stefnda refsingu. Rök fyrir því eru m. a., að umstefnd ummæli eru miðuð við alla, sem söfnuðu undirskriftum, og einnig að af samhengi þessa kafla við aðra kafla ræðunnar sést, að með ummælunum er ræðumaður að leggja út af ákveðnum rituðum texta.

#### *Bótakrafa.*

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem aðstandendum „Varins lands“ og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmalastarfsemi. Óþægindi þau, sem þeir hafa talið sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmalastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennum athugasemdum hér að framan, þykir stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með tilvísun til þeirra röksemda, sem greinir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 25.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir rétt, að stefndi sjái um birtingu forsendna og niðurlags

dóms þessa í 1. eða 2. töl. „Nýs lands“, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnendum óskipt kr. 45.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli, sem birtust í 4. töl. „Nýs lands“ 1974 og talin eru í stefnu undir II. B. og C., skulu dauð og ómerk.

Stefnda, Garðari Víborg, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa verði birt í 1. eða 2. töl. „Nýs lands“, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa. Stefndi, Garðar Víborg, skal greiða stefnendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, óskipt kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 28. nóvember 1977.

Nr. 9/1976.

**Aðalheiður Tryggvadóttir**

(Vilhjálmur Árnason hrl.)

gegn

**Agnari Tryggvasyni**

**Helgu Tryggvadóttur og**

**Ólafi St. Sigurðssyni setuskiptaráðanda**

**f. h. dánarbús Tryggva Siggeirssonar**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Erfðamál. Skipti. Óskilgetin börn.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.